



## Strandsvæðið - sóknarfæri fyrir vestfirsk samfélög

Fjórðungssamband Vestfirðinga, í samstarfi við Háskóla Vestfjarða, Teiknistofuna Eik og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, boðar nú nóvember til opinna funda á Vestfjörðum um nýtingu strandsvæðisins við Vestfirði. Þessir fundir eru fyrsti hluti stærra verkefnis sem hefur að meginmarkmiði gera samþætta nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Vestfjarða og samræma stjórnun og nýtingu þessara svæða í samvinnu við íbúa og hagsmunaaðila. Strandsvæðið nær út fyrir það svæði sem nú er skipulagsskyt.

Á fundunum verður verkefnið nánar kynnt og upplýsingum jafnframt safnað. Lagt verður fram kort af strandsvæðinu og óskað eftir upplýsingum um núverandi nýtingu þess. Einnig verður óskað eftir tilnefningu að fulltrúum í héraði vegna þátttöku í framhaldsvinnu verkefnisins.

Fundir og svæðaaufmörkun þeirra er sem hér segir;

- Strandasýsla, 19. nóvember kl 20.00. veitingarstaðurinn Malarkaffi, Drangnesi.
- Reykhólahreppur, 20. nóvember kl 10.00. Íþróttahúsið Reykhólum, Reykhólum
- Vestur Barðastrandasýsla, 20. nóvember kl 17.00. Skor þróunarsetur, Patreksfirði
- Ísafjarðarsýsla, 25. nóvember kl 20.00. Þróunarsetur Vestfjarða, Árnagötu, Ísafirði

### Forsendur

Forsendur byggðar á Vestfjörðum hafa frá upphafi verið auðlindir sjávar og möguleikar til samgangna á sjó. Landfræðilegar aðstæður hafa skapað vestfirsku samfélagi sérstöðu en jafnframt sett því takmörk um annars konar landnýtingu og tækifæri til sjálfsbjargar og atvinnuþróunar. Umræða um framtíðarmöguleika á Vestfjörðum hefur því miðað að því að komast framhá þessum takmörkunum. Áhersla hefur verið lögð á að íbúar og atvinnulíf standi jafnfætis við aðra landshluta hvað grunngerð samfélagsins snertir, svo sem í samgöngumálum.

Með framangreint að viðmiði, má benda á að þrátt fyrir samdrátt í sjávarútvegi þá hafa síðustu árum skapast aukin tækifæri er byggja á landfræðilegum aðstæðum og auðlindum hafs og strandsvæða. Hér má nefna fiskveiðar, fiskeldi, þangslátt, ferðaþjónustu, útivist, efnistöku af hafsbotni, landfyllingar, vegagerð, flutninga, íbúðabyggingar (sjávarlóðir) og aðra mannvirkjagerð. Til lengri



tíma litið, þá eru hugsanlegan möguleikar á virkjun sjávarstrauma og þróun í ræktun staðbundinna sjávardýra sem vekja vonir um ræktun þeirra á hafsbotni eða með hjarðeldi. Viðhorf til nýtingar hafsins gæti því breyst frá því að vera viðhorf veiðimannsins yfir í viðhorf bóndans til akuryrkju. Tækifæri landssvæðis eins og Vestfjarða með hátt í 1/3 strandlengjunnar við Ísland verða því að teljast mikil.

### Stjórnýslan

Þróun á strandsvæðinu og þeir framtíðarmöguleikar sem þar geta legið, kallar fram spurningar: Hvernig á að stýra þróun mála á þessu svæði? Hverjir eiga að koma að ákvarðanatöku og hvernig geta samfélögin á Vestfjörðum haft áhrif á þróun mála ?

Lögsaga sveitarfélaganna, m.t.t. skipulags, nær einungis 115 metra frá stórstraumsfjöruborði. Gildir þetta einnig um mörk hólma og eyja sem tilheyra bújörðum. Þetta þýðir í raun að allir firðir og víkur utan þessara marka eru án skipulagsskyldu (að frátöldu nýlegu lagaákvæði um olíuleit og olíuvinnslu). Aðkoma ríkisvalds er hinsvegar með þeim hætti að starfsemi á strandsvæðinu er undir eftirliti og eða forræði fimm ráðuneyta og stofnana þeirra. Í einfaldri framsetningu má segja að hafsbotninn frá lögsögumörkum sveitafélaganna að mörkum efnahagslögsögu Íslands, sé í raun þjóðlenda ríkisins. Lagarammi er varðar vatnsmassann frá hafsbotni að yfirborði er ekki síður flókinn. Þar eru ýmsar takmarkanir á nýtingu auðlinda sem þar er að finna og leyfisveitingar er um staðbundna starfsemi er óljós. Má því segja yfirsýn um heildarnýtingu sé brotakennd. Telja verður að við þessar aðstæður sé hætta á hagsmunaárekstrum, einkum samfara aukinni og fjölbreyttari nýtingu.

Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa um nokkurn tíma fjallað um stöðu sveitarfélaga gagnvart strandsvæðinu og þá undir umræðu um skipulagsmál (gerð svæðisskipulags) og framtíðarsýn á Vestfjörðum. Hluti 54. Fjórðungspingi Vestfirðinga, sem haldið var þann 4. og 5. september s.l. var helgaður þessu máli og í ályktun þingsins “Vestfirðir í sókn” var gerð var eftirfarandi samþykkt;

*Sveitarfélög á Vestfjörðum óska eftir samstarfi við ríkisvaldið um skipulag strandsvæðis Vestfjarða. Það er mat Fjórðungspings að Vestfirðir séu kjörið svæði til þess að þróa aðferðir og reglur í þessum mikilvæga málaflokki, auk þess sem þar má finna sértæka þekkingu og fjölbreyttar rannsóknir á þessu sviði.*



Hér er undirliggjandi sú skoðun að skipulag á stjórnun strandsvæðisins sé of laust í reipunum og yfirsýn sé takmörkuð um nýtingu þess, ekki síst í ljósi aukinnar ásóknar. Í annan stað er lítið vægi samfélaga til að hafa áhrif á þróun mála. Það blasi við að möguleikar samfélaga líkt og á Vestfjörðum til að hafa áhrif á þróun mála í “túnfæti” þeirra, eru ólíkir eftir því hvort horft er til lands eða sjávar. Sveitarfélögin verða því að koma hér að með afgerandi hætti.

### Nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Vestfjarða

Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur þessu ári unnið að undirbúningi verkefnis sem nefnt er nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Vestfjarða. Verkefnið er unnið í samstarfi við Háskólasætur Vestfjarða og Teiknistofuna Eik á Ísafirði. Það nýtur jafnframt stuðnings frá Vaxtarsamningi Vestfjarða. Hér er horft til þekkingar sem er að byggjast upp í meistaranámi í haf- og strandsvæðastjórnun og þekkingu á skipulagsvinnu. Fyrsta skref verkefnisins verður skrásetning á núverandi á nýtingu strandsvæðisins. Slík skráning er talin grundvöllur fyrir næsta skref, þ.e. sjálfa nýtingaráætlunina fyrir strandsvæði.

Fjórðungssamband Vestfirðinga mun því ásamt samstarfsaðilum standa fyrir opnum vinnufundum á Vestfjörðum þar sem hafist verður handa við það. Fundirnir eru opnir öllum sem hafa áhuga og eða hagsmuni er varða nýtingu strandsvæðisins. Verkefnið verður kynnt nánar og síðan verður unnið í hópavinnu að skráningu á núverandi nýtingu. Afmörkun þess svæðis sem unnið er með hefur ekki verið ákveðin endanlega en það ræðst af niðurstöðu vinnufunda. Til eru nokkrar erlendar fyrirmyndir í þessum efnum.

Dæmi um aðila og hagsmuni þeirra:

- Sjómenn: Veiðislóð
- Útgerðamenn: Veiðislóð, fiskveiðiréttindi
- Fiskeldismenn: Staðsetning eldis/- ræktunarstöðva
- Fiskverkendur: Gæði á fiski
- Iðnaður: Hafsbótinn, þari, kalkþörungasetlög, malarnám
- Hlunnindabændur og eigendur sjávarjarða: Æðarrækt, grásleppuveiði, reki, þangsláttur
- Ferðapjónustuaðilar: Sjávarsýn, gönguferðir, sjóferðir (hvalir, fuglar), kajak, köfun
- Sveitarfélög: Byggingarsvæði, hafnarstarfsemi, vegagerð og veitustarfsemi
- Almennigur sem nýtir strandsvæðið til frístunda, gönguferðir, kajak, köfun o.fl.

*Fjórðungssamband Vestfirðinga*



Háskóla  
Vestfirðja  
University Centre  
of the Westfjords



Síðar er stefnt að fundum með rannsóknastofnunum, opinberum stofnunum og stofnunum sveitarfélaga sem hafa málefni strandsvæðisins til umfjöllunar.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga